



## **Stjórn SSH 332. fundur**

Mánudaginn 2. mars 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Jónmundur Guðmarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, Lúðvík Geirsson, og Sigurbjörn Hjaltason.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Jónmundur Guðmarsson varaformaður setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

### **1. Ársreikningur SSH 2008 – Drög til kynningar**

Fyrir lágu drög að ársreikningi SSH fyrir árið 2008. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum og samanburði við fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstöðu ársins 2007.

Gert er ráð fyrir að endurskoðaður ársreikningur liggi fyrir á næsta fundi stjórnar til undirritunar.

### **2. Vinnuskólinn 2009 – staða og möguleikar á samræmingu sveitarfélaganna á starfsskipulagi, vinnutíma, launum o.fl.**

Fyrir lágu upplýsingar frá skólastjóra Vinnuskóla Reykjavíkurborgar v. ofangreinds.

Rætt var um nauðsyn þess að sveitarfélögin samræmi eins og kostur er allt fyrirkomulag vinnuskólans á sumri komandi s.s. vinnutíma, laun o.fl. Miklu skipti að hægt verði að haga starfi þannig að sem flestir einstaklingar geti fengið inni í vinnuskólanum.



**Niðurstaða.**

Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga frá fortöðumönnum vinnuskóla sveitarfélaganna og kalla til fundar með þeim til yfirferðar sem leitt geti af sér sem besta samræmingu.

**3. Vinnumarkaðsúrræði vinnumálastofnunar.**

Fyrir lá erindi félagsmálastjórum aðildarsveitarfélganna ( að Reykjavíkurborg undanskilinni ) þar sem vakin er athygli á því að þrátt fyrir ákvæði 12. greinar laga nr. 55/2006 um að Vinnumálastofnun annist skipulag vinnumarkaðsúrræða, þá hafi stofnunin ekki fjárhagslegt svigrúm til að sinna nema þeim einstaklingum sem falla undir rétt til atvinnuleysisbóta.

Umræður.

**Niðurstaða:**

Framkvæmdastjóra falið að ræða málið við Vinnumálastofnun og afla frekari upplýsinga.

**4. Innkomin erindi.**

- a) **Gestur Ólafsson – tilboð um sölu kortagrunna vegna gerðar svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæði 1985**

Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.

- b) **Hildigunnur Haraldsdóttir – Úttekt á stöðu svæðisskipulags o.fl – verkefnakynning og umsókn um 5 m. króna styrk vegna verkefnisins.**

Stjórn SSH getur ekki að svo stöddu orðið við erindinu, en telur eðlilegt að Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins fái vitneskju um verkefnið.

- c) **Hestamiðstöð Reykjavíkur – beiðni um 1. m. króna styrk vegna reksturs þjónustu miðstöðvarinnar við fatlaða.**

Ekki unnt að taka afstöðu til málsins vegna skorts á upplýsingum – framkvæmdastjóra var falið að leita eftir frekari upplýsingum um málið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:05